

Sjöundi fundur Skólaneftndar Framhaldsskólans á Laugum haldinn á skrifstofu skólameistara miðvikudaginn 19. júní 2019 klukkan 15:00.

Mættir: Bryndís Ívarsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Hjördís Stefánsdóttir, Bjarni Höskuldsson, Hanna Sigrún Helgadóttir, fulltrúi kennara, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Baldur B. Daníelsson sem ritaði fundargerð.

1. Skólastarfið á vorönn

Tónkvíslin tókst vel eftir nokkuð strembinn aðdraganda. Fardagar voru á sínum stað, en að þessu sinni komu ekki nemendur að til þess að taka þátt, né fóru nemendur skólans af svæðinu. Þá var farin menningarfeð til Reykjavíkur og skíðaferð til Akureyrar. Báðar þessar ferðir tókust mjög vel. Vinnuaðstaða kennara hefur tekið stakkaskiptum til hins betra s.l. vetur. Starfsmannaviðtöl voru tekin á vorönn, alls 28. Almennt séð var góður tónn í fólki.

2. Útskrift

Útskrift fór fram 18. maí og voru brautskráðir 24 nemendur að þessu sinni, átta af félagsvísindabraut, tveir af íþróttabraut, þrír af náttúruvísindabraut og 11 af kjörsviðsbraut.

3. Umsóknir

Borist hafa 143 umsóknir um skólavist, þar af 42 í fyrsta vali beint úr 10. bekk. Þá hefur 41 nemandi frá síðast liðnum vetri óskað eftir áframhaldandi skólavist. Er þetta betri árangur en mörg undanfarin ár og má rekja til markvissrar kynningar bæði hér í skólanum ásamt því að farið var í heimsóknir í aðra skóla.

Næsta vetur verða því alls 86 nemendur í skólann þar af 71 á heimavist. Þá verða sjö nemendur utan vista, fjórir í útibúinu á Vopnafirði og fjórir alfarið utan skóla.

4. Skóladagatal 2019-2020

Gert er ráð fyrir að setja skólann miðvikudaginn, 28. ágúst í haust og slíta honum 16. maí 2020. Hefðbundnir viðburðir eins og árshátíð og Tónkvísl eru á sínum stað. Námsmatsdagar verða 21. og 22. október á haustönn og 15.-17. apríl á vorönn auk daga í tengslum við páska- og jólafrí.

5. Starfsmannabreytingar

Skólameistari gerði grein fyrir helstu breytingum á starfslíði skólans fyrir næsta vetur. Fyrir liggur að skólameistari hefur sagt sig frá ráðningarferli í lausar kennarastöður vegna vanhæfi og mun áfangastjóri bera ábyrgð á því verkefni.

Samstarf hefur verið á milli skólans og sveitarfélagsins um rekstur á íþróttahúsi og sundlaug undanfarið. Mannabreytingar verða komandi haust, en gert er ráð fyrir að samstarfið haldi áfram.

6. Könnunin um Stofnun ársins

Skólameistari kynnti niðurstöður úr könnun um Stofnun ársins.

7. Fjármál skólans

Ársreikningur skólans fyrir árið 2018 hefur enn ekki borist frá Fjársýslu ríkisins. Ársreikningar mótuneytis og framkvæmdasjóðs 2018 liggja fyrir og hafa verið undirritaðir. Mótuneytið var rekið með tapi, en á þó töluvert óráðstafað eigið fé og á því kost að mæta óvæntum útgjöldum.

Framkvæmdasjóður skólans var rekinn með hagnaði á liðnu ári og á einnig nokkuð óráðstafað eigið fé.

8. Framkvæmdir á döfinni

Skólameistari gerði grein fyrir helstu framkvæmdum sem framundan eru.

Framkvæmdir hafa staðið yfir í íþróttahúsinu og til stendur að endurnýja gólf á sal. Auk þess er verið að sinna viðhaldi á öðrum byggingum skólans, m.a. í Gamla skóla, íbúðum og í Þróttó.

9. Hótelrekstur í sumar

Skólameistari fór yfir samninga og samskipt milli Hótel Lauga og skólans.

10. Önnur mál

Ekkert bókað undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 17:25